

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 245/2024

2025/EES/9/17

frá 25. október 2024

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/405 frá 30. janúar 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 139/2014 að því er varðar notkun merkja þegar þráðlaus fjarskipti bregðast ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/403 frá 30. janúar 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/373 að því er varðar skilgreiningu á SIGMET-skeyti og tilteknar kröfur í tengslum við sérlegt sjónflug og flugheimildir ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/404 frá 30. janúar 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 923/2012 að því er varðar að uppfæra viðeigandi ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að ljúka við gerð verklags sem gildir þegar þráðlaus fjarskipti bregðast og að fella brott viðbæti viðaukans við þá reglugerð ⁽³⁾.
- 4) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66nh (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014):

„– **32024 R 0405:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/405 frá 30. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/405, 11.4.2024).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66wk (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012):

„– **32024 R 0404:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/404 frá 30. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/404, 11.4.2024).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66xg (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/373):

„– **32024 R 0403:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/403 frá 30. janúar 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/403, 11.4.2024).“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/405 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/403 og (ESB) 2024/404, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/405, 11.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/405/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/403, 11.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/403/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/404, 11.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/404/oj

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.